



## **425. fundur Þingvallanefndar**

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 31. maí 2016 kl. 12.00. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Róbert Marshall, Birgir Ármannsson og Steingrímur J. Sigfússon. Oddný Harðardóttir mætti til fundarins kl. 12.30.

Einnig sátu fundinn Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Einar Á. Sæmundsen fræðslufulltrúi og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Lilja Jónasdóttir lögfræðingur sat fundinn vegna sumarbústaðærinda.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Viðgerð og endurbætur á vegi nr. 36 gegnum þjóðgarðinn.  
Lagt var fram erindi frá Vegagerðinni dags. 30. maí 2016.

Þingvallanefnd samþykkir að Vegagerðin geri endurbætur á þjóðveginum nr. 36 gegnum þjóðgarðinn frá Gjábakka að þjónustumiðstöð á Leirum en þær framkvæmdir eru fyrirhugaðar í lok sumars 2016. Unnið verður á 2,5 km kafla og byrjað austan frá. Ætlunin er að seinni áfangar verði unnir á einu til tveimur árum. Yfirborð vegar verði lagt malbiki.

Þingvallanefnd leggur áherslu á að vegstæðinu verði ekki raskað en að ágallar og skemmdir á yfirborði verði lagfærðar. Vegkantar og axlir verða einnig lagfærðar þar sem mesta hættan stafar af klettahnjótum og bröttum halla frá vegkanti. Höfuðáhersla er lögð á að raskið utan vegar verði svo lítið sem frekast má verða og fellst nefndin á þá verklýsingu sem Vegagerðin í samstarfi við VSÓ verkfræðiráðgjöf hefur kynnt nefndinni og er fylgiskjal með samþykkt þessari.

Þingvallanefnd telur að mikil slysavörn felist í 50 km hámarkshraða og leggur áherslu á að Vegagerðin komi upp hraðamyndavélum í þjóðgarðinum. Þá er mikilvægt að viðhalda eða endurheimta sem fyrst lággróður í vegköntum í samvinnu við Umhverfisstofnun og/eða Náttúrufræðistofnun.

Tengiliður og eftirlitsaðili með framkvæmdum fyrir hönd þjóðgarðsins verður Einar Á. Sæmundsen.

2. Sumarbústaðamál;

### Efristigur nr. 20

Kaupsamningur vegna Efristígs 20 hefur verið lagður fyrir nefndina og óskað eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti.

Þingvallanefnd synjar erindi og samþykkir að nýta forkaupsréttinn.

### Rauðukusunes nr. 3

Kaupsamningur vegna Rauðukusuness hefur verið lagður fyrir nefndina og er óskað eftir að ÞVN falli frá forkaupsrétti.  
Þingvallanefnd synjar erindi og samþykkir að nýta forkaupsréttinn.

Valhallarstígur syðri nr. 4

Kaupsamningur vegna Valhallarstígs hefur verið lagður fyrir nefndina og er óskað eftir að ÞVN falli frá forkaupsrétti.

Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum og heimila framsal lóðarleiguréttinda til nýrra eigenda.

Efristígur nr. 2

Kaupsamningur vegna Efristígs hefur verið lagður fyrir nefndina og er óskað eftir að ÞVN falli frá forkaupsrétti. Þingvallanefnd samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum og heimila framsal lóðarleiguréttinda til nýrra eigenda.

3. Framkvæmdir vegna bílastæða og salernishúsa.

Einar Á. Sæmundsen fræðslufulltrúi kynnti framkvæmdir við bílastæði og salernishús og samþykkti nefndin þær.

Fyrirhuguð er viðbygging við gestastofu sem mun valda töluverðum truflunum þar sem ferðamannastraumurinn er. Því er ráðgert að leggja vegslóða frá heimreiðinni norður fyrir þjónustuhús og salernishús að væntanlegu athafnasvæði framkvæmdanna. Vegslóðinn mun einnig nýtast síðar þegar ný bílastæði verða útbúin.

4. Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður lagði til að starfsvetri Þingvallanefndar yrði lokið með fundi á Þingvöllum. Lagt er til að farið verði þann 8. júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.55.